

KIRKJUGARÐARÁÐ

150. fundur haldinn mánudaginn 9. apríl 2018 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir fundarins: Snorri Halldórsson f.h. Veitna og Jóhannes Finnur Halldórsson vegna umfjöllunar um greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar árið 2018.

1. Setning fundar.

Fundur settur kl. 14:00.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Erindi frá dómsmálaráðuneytinu.

Erindi barst frá dómsmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir því að kirkjugarðaráð taki afstöðu til beiðni Veitna til ráðuneytisins um heimild til að grafa fyrir lögnum í Víkurgarði vegna fyrirhugaðra hótélbyggingar á Landsímareitnum, sbr. 33. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Snorri Halldórsson, verkefnisstjóri hjá Veitum, fór yfir málið og lýsti fyrirhuguðum framkvæmdum. Um er að ræða uppgröft vegna lagningu hitaveitu, vatnsveitu og rafmagns. Einnig þarf að færa til spennustöð og endurnýja háspennustrengi. Upplýst var að fyrirbyggjandi eru lagnir sem þarf að endurnýja þannig að grafið verður á sama stað en grafa þarf einn nýjan skurð sem yrði grafinn út í Kirkjustræti Formanni og framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs falið að svara dómsmálaráðuneytinu og greina frá afstöðu ráðsins til beiðni Veitna.

3. Ákvörðun um einingaverð vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar árið 2018.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Tillaga um eftirfarandi einingaverð var samþykkt:

Gildir 2018	Umhirðutekjur á fermetra	Grafartekjur á gröf	Viðb.fermetrar v/grafar
	<i>nettó (kr/m²)</i>	<i>nettó</i>	
Stærðarflokkur 1	155	97.790	3
Stærðarflokkur 2	155	97.355	4
Stærðarflokkur 3	231	97.280	5
Stærðarflokkur 4	378	89.049	5
Stærðarflokkur 5	537	87.904	7,5
Stærðarflokkur 6	641	86.844	7,5
Stærðarflokkur 7	641	86.821	9,5
Stærðarflokkur 8	797	87.704	9,5
Stærðarflokkur 9	798	81.789	9,5
Stærðarflokkur 10	798	83.193	9,5
Stærðarfl. 11 duftker	818	65.398	1,5

4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2018.

Tillögur framkvæmdastjóra kynntar en þær fólu í sér að veitt yrði til ýmissa verkefna: 51,424,- kr. Tillaga framkvæmdastjóra samþykkt.

Þórsteinn Ragnarson vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og KGSÍ.

Smári Sigurðsson sat hjá við úthlutunina.

Kirkjugarður	Úthlutun 2018	Verkefni
Austfjarðarprófastsdæmi		
Sleðbrjótskirkjugarður	1.500	Greiða niður skuld við verktaka vegna framkv. við kirkjugarð
Fáskrúðsfjarðarkirkjugarður	2.000	Bæta aðgengi að garðinum og hlaða framhlíð hans.
Suðurprófastsdæmi		
Marteinstungukirkjugarður	750	Bæta aðgengi og kirkju og garði og endurnýja skjólbelti
Stóra-Núpskirkjugarður	2.000	Greiða niður af skuldabréfi vegna láns garðsins frá kirkjunni.
Villingaholtskirkjugarður	200	Ljúka við agfæringar á trjábeð (skjólbelti) sem umlykur garðinn.
Þingvallakirkjugarður	500	Leggja stíg úr nátturhellum á svæði sem traðkast hafa niður
Strandarkirkjugarður	2.000	Endurnýja stíga og endurbæta umhverfi kirkjugarðsins.
Kjalarnesprófastsdæmi		
Kirkjugarðar Keflavíkur	1.000	Endurnýja gróður í gamla garðinum, gróðursetja í nýja garðinn
Reykjavíkurprófastsdæmi		
Kirkjugarðar Rvk.pr. v/Gufuneskirkjug.	10.000	V/ uppbyggingar Kópavogskirkjug, ný grafarsvæði í Gufunesg.
Vesturlandsprófastsdæmi		
Hvanneyrarkirkjugarður	1.800	Stækkun garðs, lýsing o.fl.
Vestfjarðarprófastsdæmi		
Reykhólar	1.000	Ljúka við uppsetningu girðingar, bæta aðgengi o.fl.
Húnav- og Skagafjarðarpr		
Prestbakkakirkjugarður	300	Viðhald á umgjörð kirkjugarðsins.
Blönduós kirkjugarður	2.500	Útbúa bílastæði við kirkjugarðinn.
Höskuldssstaðakirkjugarður	400	Útbúa sögutorg við kirkjug, lagfæra gömul minningarmörk
Rípurkirkjugarður	600	Greiða niður skuld við kirkju vegna framkvæmda við garðinn
Reynistaðarkirkjugarður	300	Hreinsa og mála timburgirðingu sem umlikur kirkjugarðinn.
Fellskirkjugarður	800	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins
Eyjafj- og Þingeyjarpróf.		
Ólafsfjarðarsókn v/Kvíbekkjarkirkjug.	850	Lagfæra kirkjugarðinn til að auvela umhirðu hans.
Kg. Dalvíkur.pr. v/Vellir	1.000	Bæta aðkomu að kirkju og gamla og nýja garðinum
Kg.Laugal. pr. v/Saurbær	1.000	Fjarlægja grafhýsi og lagfæra garðflöt kirkjugarðsins
Kirkjugarðar aflagðir eða án sóknar.		
Holtskirkjugarður undir Eyjafjöllum	800	Girða og snyrta gamla kirkjugarðinn í Holti
Skálmanesmúlakirkjugarður	60	Lagfæra girðingu um garðinn.
Annað		
KGSÍ v/þjónustusam.	7.000	Framlenging á þjónustusamningi
KGSÍ v/uppfærslu á gardur.is	8.000	Uppfærsla tölvukerfa gardur.is
Óráðstafað	5.064	Til ráðstöfunar í styrki seinn á árinu ef með þarf.
SAMTALS:	51.424	
Allar upphæðir í þúsundum króna		

5. Svar dómsmálaráðuneytisins við beiðni kirkjugarðaráðs um túlkun ákvæðis 1. mgr. 41. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Lagt fram til kynningar.

6. Næsti fundur.

Stefnt er að því að fá fulltrúa prestafélagsins á næsta fund sem verður 14. maí kl. 14:00.

7. Önnur mál.

Smári skýrði frá því að stjórn Kirkjugarða Akureyrar hafi samþykkt að taka þátt í málarekstri gegn ríkinu vegna vanefnda á samningi ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 svo fremi sem þeir fái fjárhagslegan stuðning til málaferlanna.

Fundi slitið kl. 16:25.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari